

## AUGLÝSING

### um breytingu á deiliskipulagi í Fjallabyggð.

*Hafnarsvæðið á Siglufirði.*

Bæjarráð Fjallabyggðar samþykkti 30. ágúst 2024 nýtt deiliskipulag hafnarsvæðis Siglufjarðar sem kynnt var á opnum íbúafundi 28. september 2023 og auglýst skv. 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 með athugasemdafresti frá 30. júní 2024 til 19. júlí 2024.

Nýtt deiliskipulag hafnarsvæðis Siglufjarðar tók gildi 27. janúar 2025 og varð með því til skörun á afmörkun tveggja deiliskipulagsafmarkana. Unnin var óveruleg breyting á eldra deiliskipulagi, sem lá fyrir við vinnslu á nýju hafnarskipulagi Siglufjarðar, þar sem þessi skörun skipulagsmarka er leiðrétt. Fallið er frá grenndarkynningu þar sem breytingin varðar ekki hagsmuni annarra en sveitarfélagsins.

*Fjallabyggð, 24. febrúar 2025.*

**Pálmi Blængsson**, verkefnastjóri skipulags og umhverfissviðs.

B-deild – Útgáfudagur: 10. mars 2025